

Skýrsla stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla starfsárið 2020-2021

Í þessari skýrslu stjórnar verður fjallað um það helsta í starfsemi Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) á liðnu ári. Samkvæmt lögum félagsins er hlutverk þess að vinna að kjara- og réttindamálum prófessora, standa vörð um réttarstöðu þeirra og efla samtakamátt og samheldni félagsmanna. Þá er það einnig hlutverk félagsins að efla vöxt og viðgang háskólastarfs í þjóðfélaginu og styrkja tengsl félagsmanna við starfssystkini innan lands og utan. Loks er félagið málsvari félagsmanna gagnvart yfirvöldum háskólanna og öðrum stjórnvöldum. Í skýrslunni er einungis stiklað á stóru og helstu verkefni nefnd. Stjórnin telur skýrsluna endurspeglja þessi hlutverk félagsins.

Félagsmenn

Virkir félagsmenn í FPR voru í mars 2021 samtals 376. Sex í Hólaskóla, háskólanum á Hólum í Hjaltadal, sex í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, 22 í Háskólanum á Akureyri og 342 í Háskóla Íslands. Karlar voru alls 250 og konur 126 eða einn þriðji félagsmanna. Meðalaldur félagsmanna var 58 ár.

Aldursdreifing félagsmanna	Fjöldi	Karlar	Konur
<40 ára	4	2	2
40-49 ára	73	48	25
50-59 ára	115	79	36
60-69 ára	184	121	63

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla starfsárið 2020-2021 skipuðu:

Rúnar Vilhjálmsson HÍ, formaður.
Þórólfur Matthíasson HÍ, varaformaður.
Hólmfríður Garðarsdóttir HÍ, gjaldkeri.
Magnús Gottfredsson HÍ, meðstjórnandi.
Sigurður Konráðsson HÍ, meðstjórnandi.
Grétar Þór Eyþórsson HA, varamaður.
Ingibjörg Svala Jónsdóttir HÍ, varamaður.
Oddný G. Sverrisdóttir HÍ, varamaður.

Trúnaðarstörf

Trúnaðarmenn félagsins eru skipuð stjórn félagsins, en samninganefnd er skipuð formanni, varaformanni og meðstjórnendum félagsins. Þá hafa trúnaðarmenn verið kjörnir við Landbúnaðarháskóla Íslands sem og við Hólaskóla. Þórólfur Matthíasson var skipaður í nýja matskerfisnefnd og Hólmfríður Garðarsdóttir varamaður. Fulltrúi félagsins á háskólaþingi HÍ 2020-2022 er Þórólfur Matthíasson og varamaður Hólmfríður Garðarsdóttir. Fulltrúi félagsins í síðanefnd HÍ frá 1. janúar 2020 til næstu þriggja ára er Sólveig Anna Bóasdóttir. Skoðunarmenn reikninga félagsins eru Brynjólfur Sigurðsson og Jónatan Þórmundsson.

Starfsmaður

Fastráðinn starfsmaður félagsins og Starfsþróunarsjóðs prófessora er Kristín Færseth, framkvæmdastjóri í 60% starfi.

Skrifstofa

Skrifstofa félagsins er í Bændahöllinni við Hagatorg (2. hæð í suðvesturenda Hótel Sögu). Skrifstofan er opin virka daga frá kl. 9-13.

Stjórnarstörf

Þetta starfsár stjórnar félagsins hefur verið eins og hjá öðrum, án fordæma. Fleiri rafrænir fundir hafa verið haldnir með stjórnendum og félagsmönnum minni ríkisháskólanna þar sem útfærsla á tilflutningi milli starfsþátta prófessora var ófrágengin eftir síðustu samninga. Hinn 12. apríl sl. var hins vegar gengið frá samkomulagi við Háskólann á Akureyri um tilfærslu starfsþátta. Stjórn félagsins telur brýnt að gengið verði frá samkomulagi um tilflutninginn við alla skólana hið fyrsta svo jafna megi stöðu og starfsskilyrði prófessora allra ríkisháskólanna. Að venju funda fulltrúar stjórnar félagsins reglulega með samráðsnefnd háskólaráðs Háskóla Íslands um kjaramál. Í viðauka með stofnanasamningi félagsins og Háskóla Íslands varð samkomulag við rektor um að endurskoða þurfi matskerfið og að þeirri vinnu yrði lokið fyrir árslok 2021. Þá varð einnig samkomulag við rektor HÍ um að breyta og einfalda umgjörð matskerfisins með aðkomu félagsins. Á starfsárinu voru haldnir sjö stjórnarfundir í FPR.

Miðlægur kjarasamingur

Kjarasamningur félagsins sem undirritaður var hinn 12. desember 2019 gildir til 31. mars 2023. Launatöflur eru hluti af miðlæga kjarasamningnum og koma fjórar launahækkningar til framkvæmda á fyrrgreindu tímabili. Þrjár þeirra hafa þegar komið til framkvæmda en fjórða og síðasta launahækkunin kemur til framkvæmda hinn 1. janúar 2022. Með samningnum varð breyting á uppbyggingu launatöflu prófessora. Frá og með 1. september 2020 fjölgaði launaflokkum prófessora úr sjö í 11. Þá tóku tveir launaflokkar gildi fyrir PI til PIV í stað eins áður. Röðun í launatöflu ræðst af þeim stigum sem metin eru samkvæmt samræmdu matskerfi opinberu háskólanna. Þetta hefur í för með sér örari launaflokkana hækkanir samhliða stigasöfnun samkvæmt matskerfi ríkisháskólanna. Launapróunarferill prófessora verður þar með jafnari en var með fyrra fyrirkomulagi.

Stofnanasamningar

Samhliða miðlægum kjarasamningi við ríkið gerði FPR samkomulag um viðauka við stofnanasamninga ríkisháskólanna. Í viðauka við stofnanasamning Háskóla Íslands komst félagið að skriflegu samkomulagi við háskólarektor um lækkun á árlegri kennsluskyldu. Lækkunin kom til framkvæmda hinn 1. janúar 2021 og felur í sér að kennsluskylda prófessora lækkar í áföngum um 30 til 160 stundir á ári frá Prófessor II til Prófessora VII. Tilgangur breytinganna er að draga úr kennsluálagi svo prófessorar fái aukið svigrúm til að sinna rannsókn- og þjónustuskuldum sínum, í átt til þess sem gildir í þeim alþjóðlegu rannsóknaháskólum sem við berum okkur saman við. Greiðsla yfirvinnu fyrir kennslu umfram kennsluskyldu er háð því að fyrir liggi skriflegt samkomulag milli starfsmanns og deildarforseta og vottað af forseta fræðasviðs um að viðkomandi hafi orðið að taka á sig aukna kennslu vegna kennsluþarfar í deild. Vegna þessara breytinga hefur félagið ítrekað mikilvægi þess að hver og einn prófessor geri sér grein fyrir umfangi og tímafjölda kennslu sinnar á hverju kennslumisseri þannig að sem mest jafnvægi náist milli kennsluskyldu og framtalinna kennslustunda.

Ekki náðist samkomulag um tölusetta lækkun kennsluskyldu prófessora við aðra ríkisháskóla en Háskóla Íslands við undirritun kjarasamningsins. Því hefur FPR haldið áfram viðræðum við minni ríkisháskólana á samningstímabilinu. Félagsmenn minni ríkisháskólanna sem og rektorar þeirra eru áfram um að tilflutningur starfsþátta verði með sambærilegum hætti sem um var samið við Háskóla Íslands. Í apríl sl. var samkomulag félagsins við Háskólann á Akureyri um tilfærslu starfsþátta prófessora undirritað. Samkomulagið tekur gildi hinn 1. ágúst nk. Vonir standa til að gengið verði frá samkomulagi við Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum fyrir næsta háskólaár þar sem brýnt er að jafna kjör og starfsskilyrði prófessora allra ríkisháskólanna.

Í tengslum við undirritun kjarasamnings félagsins varð að samkomulagi milli rektors Háskóla Íslands og félagsins að fram færi endurskoðun á matskerfi opinberu háskólanna. Því verki skyldi lokið fyrir árslok 2020. Vegna heimsfaraldursins var þessari dagsetningu frestað um ár eða til ársloka 2021 og kemur fyrst til framkvæmda við mat verka ársins 2022. Þá varð einnig að samkomulagi að breyta og einfalda umgjörð og skipulag matskerfis opinberra háskóla með aðkomu félagsins og í því sambandi yrði höfð hliðsjón af samkomulagi frá 6. nóvember 2009.

Matskerfi opinberra háskóla

Eins og að framan greinir varð að samkomulagi milli HÍ og FPR að endurskoða þyrfti matskerfi opinberra háskóla. Áður en til þess kæmi þyrfti að einfalda umgjörð og skipulag matskerfis opinberra háskóla með aðkomu félagsins. Til þessa hafa starfað tvær nefndir, *Vísindanefnd (matskerfis) opinberra háskóla* og *Matskerfisnefnd opinberra háskóla*. Stefnt var að því að fyrir 15. september 2020 lægju fyrir tillögur um breytt og einfaldara skipulag. Í samræmi við fyrrgreint samkomulag skipaði Samstarfsnet opinberra háskóla í maí 2020 starfshóp til að endurskoða umhverfi matskerfis opinberra háskóla. Þetta skref var talið nauðsynlegt áður en vinna við endurskoðun á sjálfu matskerfinu hæfist. Umhverfi matskerfisins hafði síðan 2009 hvílt á álitum sem undirritað var árið 2009 í tengslum við gerð fyrsta miðlæga kjarasamning félagsins. Matskerfi opinberra háskóla tekur til grunnmats nýrra

starfsmanna og árlegs mats á störfum sem ákvarðar bæði skiptingu greiðslna úr vinnumatssjóðum og röðun í launaflokka í samræmi við kjar- og/eða stofnanasamninga. Tillaga starfshópsins felur í sér almenna uppfærslu samkomulags miðað við breyttar forsendur, auk þriggja megin efnisbreytinga. Í fyrsta lagi leggur starfshópurinn til að Matskerfisnefnd og Vísindanefnd opinberra háskóla verði sameinaðar í eina nefnd, *Matskerfisnefnd opinberra háskóla* í því skyni að einfalda og gera kerfið skilvirkara. Verkefnisstjórn Samstarfsnets opinberra háskóla mun skipa sex fulltrúa í nefndina. Háskóli Íslands mun eiga þrjá fulltrúa, þ. á m. formann, hinir opinberu háskólarnir eiga einn sameiginlegan fulltrúa, ráðuneytin einn sameiginlega fulltrúa og kjarafélögin þrjú sem reiða sig á matskerfið í samningum sínum við stjórnvöld og háskólana, fá einn sameiginlegan fulltrúa. Í öðru lagi er lagt til að hlutaðeigandi aðilar, háskólarnir, ráðuneytin og kjarafélögin fái tækifæri til að veita umsögn um hugsanlegar breytingar á matskerfinu. Í þriðja lagi er kveðið á um, til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur, að málskotsnefnd skuli skipuð sérfræðingum sem ekki eru í ráðningarsambandi við háskólana.

Félag prófessora við ríkisháskóla hefur gegnt lykilhlutverki í þróun matskerfis opinberra háskóla frá því það vann matsreglur og viðmið í samstarfi við kjaranefnd á sínum tíma. Auk þess er félagið sá aðili matskerfisins sem tengist öllum ríkisháskólunum, ólíkt öðrum aðilum kerfisins. Því mun félagið hér eftir sem hingað til líta svo á að félagið sé faglegur hagsmunagæsluaðili íslenska matskerfisins þvert á einstakar stofnanir. Þrátt fyrir að stjórn félagsins hafi fagnað fram komnum tillögum hafði hún ýmislegt við tillögurnar að athuga. Stjórnin velti því meðal annars fyrir sér hvort tillögurnar veiki eða styrki stöðu félagsins við endurskoðun á matskerfinu. Þar sem Háskóli Íslands mun eiga þrjá af sex fulltrúum í nefndinni, þ. á m. formann, er ljóst að skólinn verður áfram ráðandi þegar kemur að endurskoðun á matskerfinu.

Í febrúar sl. skipaði rektor Háskóla Íslands í stjórn nýrrar matskerfisnefndar. Tillögur stjórnarinnar eiga að liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2021. Miðað er við að tillögurnar verði til umfjöllunar í opinberu háskólunum og hjá öðrum umsagnaraðilum fyrri hluta haustmíssis og að heildarendurskoðuninni verði lokið fyrir 1. desember 2021. Vegna þeirrar vinnu sem nú er hafin við endurskoðun á matskerfinu er næsta víst að það verður ofarlega á dagskrá stjórnar félagsins á næstu mánuðum.

Framgangsreglur akademíks starfsfólks við Háskóla Íslands

Um mitt sl. ár sendi stjórn félagsins inn umsögn sína um tillögur að breytingum á reglum um framgang og ótímabundna ráðningu við Háskóla Íslands. Leiðarljós athugasemda stjórnar voru að tryggt yrði svo sem unnt væri að málsmeðferð og mat á framlagi akademískra starfsmanna til vísinda, háskólakennslu og þjónustu yrði með sem faglegustum hætti í samræmi við alþjóðleg viðmið rannsóknaháskóla. Að hluta til var tekið tillit til athugasemda félagsins. Að öðru leyti fagnaði stjórn félagsins fram komnum tillögum. Grundvallaratriði þeirra var að fram færi heildstætt mat á hæfi akademískra starfsmanna til starfa, en stjórn félagsins hefur á undanförunum árum kallað eftir slíku mati af hálfu opinberra háskóla á Íslandi. Í desember 2020 birtust nýjar reglur um framgang akademíks starfsfólks við Háskóla Íslands. Reglur þessar tóku gildi 1. febrúar 2021. Helstu breytingar frá eldri reglum eru þær,

að nú er skilyrði þess að umsókn um framgang verði tekin til greina að umsækjandi þarf að hafa gegnt starfi sínu eða sambærilegu starfi í að minnsta kosti samanlagt þrjú ár þegar framgangur er veittur. Þá verða fjórir í dómnefndum í stað þriggja áður og nú ber dómnefndum að meta heildarárangur og virkni umsækjanda. Nýtt í reglunum er einnig að nú er lagt mat á hæfi umsækjanda til að sinna þjónustu við samfélag og atvinnulíf í krafti sérþekkingar sinnar.

Samræming vinnustunda

Stjórn félagsins hefur lengi kallað eftir að vinnustundir í deildum og sviðum Háskólans verði samræmdar. Reiknilíkanið sem lagt er til grundvallar við fjárveitingu hins opinbera til skólans og deililíkan sem stuðst er við við skiptingu fjármuna milli sviða veldur því að kennsla er metin mishátt eftir því á hvaða sviði hún fer fram. Stjórn félagsins fagnar því að vinna nefndar sé hafin við að reyna að samræma vinnustundir á sviðum og deildum Háskólans. Félagið á fulltrúa í nefndinni sem hefur í vor unnið að því að kortleggja verkefnið. Stefnt að því að einfalda kerfið frá því sem nú er og hyggst nefndin funda þétt og hraða vinnu sinni.

Sameiginleg tillaga FPR og FH

Hinn 12. júní 2020 sendi rektor Háskóla Íslands frá sér tilkynningu um viðbrögð skólans vegna mögulegra tafa á rannsóknum og ritvirkni af völdum COVID-19. Í tilkynningunni kom fram að vegna breyttra kennsluhátta muni allir akademískir starfsmenn sem voru í kennslu á vormisseri 2020 fá kennsluþróunarstig fyrir önnina. Í framhaldi af tilkynningu rektors sendu Félag prófessora við ríkisháskóla og Félag háskólakennara frá sér sameiginlega tillögu um stig vegna sérstakrar vinnu kennara við námskeið og próf. Kjarafélögin lögðu til að þeir kennarar í föstu starfi sem héldu rafræn próf á matsárinu (2020) fengju þrjú til fimm kennlustig undir þessum lið í matskerfinu eftir fjölda rafrænna prófa sem þeir komu að, gegn því að staðfesta að þeir hafi haldið slík próf. Þessi stig yrðu veitt í eitt skipti og kæmu til viðbótar þeirri stigagjöf sem kennarar kunna að fá á matsárinu vegna annars framlags til kennslu. Í tilkynningu sinni lögðu félögin áherslu á að allt starfsfólk Háskóla Íslands sem hefði kennslu sem hluta af starfsskyldum sínum, m.a. adjunktar, eigi möguleika á að fá kennsluþróunarstig vegna breyttra kennsluhátta í tengslum við COVID-19.

Starfsþróunarsjóður

Vegna heimsfaraldursins bárust sjóðnum einungis 60 umsóknir árið 2020, þarf af aðeins 32 vegna ferða á árinu 2020. Til samanburðar var fjöldi umsókna 194 árið 2019. Að gefnu tilefni ræddi stjórn sjóðsins í maí 2020 með hvaða hætti sjóðurinn gæti komið til móts við félagsmenn sem höfðu orðið fyrir fjárhagslegu tjóni eða aukakostnaði vegna aðgerða í kjölfar COVID-19. Ákveðið var að taka ákvörðun um það hverju sinni hvernig komið yrði til móts við félagsmenn í þessum aðstæðum.

Samkvæmt starfsreglum Starfsþróunarsjóðs prófessora geta emerítar sem vinna enn við rannsóknir á vegum háskóla síns sótt um styrk til ráðstefnuferðar í tvö ár eftir að þeir fara á eftirlaun. Vegna heimsfaraldursins er ljóst að möguleikar emeríta til að nýta sér þennan styrk minnka verulega. Vegna fyrrgreindra tímamarka ræddi stjórnin hvort og þá með hvaða hætti væri hægt að koma til móts við þessa félagsmenn. Ákveðið var að stjórn sjóðsins sendi erindi

til stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla þar sem óskað yrði eftir að ákvæði til bráðabirgða væri sett í starfsreglur sjóðsins þar sem sjóðnum verði heimilað að víkja tímabundið frá tímamarki á umsóknum emeríta. Stjórn félagsins samþykkti samhljóða beiðni stjórnar sjóðsins. Ákvæði til bráðabirgða gildir til 1. mars 2023.

Norrænt samstarf

Norræna fundinum sem halda átti í Danmörku í júní 2020 var frestað vegna COVID-19 faraldursins. Þess í stað var haldinn stuttur fjarfundur í september sl. þar sem áhersla var á áhrif faraldursins á háskólana í hverju landi. Meðal annars var rætt um skort á tæknilegri aðstoð frá háskólunum við fjarkennslu og prófahald. Þá ræddu fundarmenn einnig hvaða áhrif þessi staða hefur haft á rannsóknafköst. Danir hafa boðað til fundar í ágúst nk. ef aðstæður leyfa.

Málefni emeríta

Stjórn félagsins hefur boðið *professores emeriti* til árlegs fundar og kvöldverðar í aðdraganda aðventu. Á þessum fundum er hefðbundin dagskrá með þeim hætti að formaður félagsins fer yfir störf liðins árs og rithöfundur er boðið að koma og kynna nýja bók sína. Þá eru málefni sem tengjast emerítum tekin til umræðu sem og ýmis kjara- og réttindamál. Af skiljanlegum ástæðum féll þessi fundur niður á síðasta ári. Eins og fram kom hér að framan hefur ákvæði til bráðabirgða um að víkja tímabundið frá tímamarki á umsóknum emeríta verið sett í reglur Starfsþróunarsjóðs prófessora. Stjórn félagsins ákvað á sínum tíma að félagsmenn gætu óskað eftir að vera áfram á póstlista félagsins þrátt fyrir að hafa látið af störfum en beiðni þar um þarf að berast skrifstofu félagsins.

BHM

Formannaráð Bandalags háskólamanna (BHM) fer með æðsta vald í málefnum bandalagsins milli aðalfunda og kemur saman að lágmarki fjórum sinnum á ári. Ráðinu ber að huga að stærri og stefnumótandi ákvörðunum og veita stjórn aðhald og umboð til daglegs starfs á grundvelli stefnu sem mótuð er á stefnumótunarþingum og samþykkt á aðalfundum. Formaður félagsins situr formannaráðsfundi BHM. Þar eru sameiginleg málefni bandalagsins rædd og stefna þess mótuð. Á aukaaðalfundi BHM sem haldinn var þann 26. nóvember sl. voru samþykktar breytingar á aðildargjöldum BHM. Framvegis munu aðildargjöld samanstanda af árgjaldi annars vegar og hlutfallsgjaldi hins vegar. Þessi breyting kemur til með að lækka aðildargjöld félagsins til BHM.

Rafrænn aðalfundur BHM verður haldinn 27. maí nk. Fyrir aðalfundinn verður kosinn nýr formaður bandalagsins. Rafræn kosning nýs formanns hófst hinn 13. maí og lýkur 25. maí eða tveimur dögum fyrir aðalfundinn. Í framboði eru tveir, Marianna H. Helgadóttir formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga og Friðrik Jónsson formaður Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins. Stjórn félagsins hefur átt fundi með báðum frambjóðendum. Á fundunum gafst frambjóðendum kostur á að kynna sig og ræða málefni og framtíð bandalagsins.

Málefni einstakra félagsmanna

Skrifstofu félagsins barst á árinu fjöldi erinda frá félagsmönnum allra ríkisháskólanna. Skýringin á meiri fjölda erindi á árinu er m.a. sú að hinn 1. september sl. breyttist launatafla prófessora. Launaflokkum fjölgaði um fjóra sem hefur í för með sér örari launaflokkana hækkanir samhliða stigasöfnun samkvæmt matskerfi ríkisháskólanna. Hinn 1. janúar sl. tók einnig gildi breyting á starfsskyldum hjá prófessorum við Háskóla Íslands og uppgjör kennslu umfram kennsluskyldu. Vegna þessara breytinga leituðu óvenju margir félagsmenn upplýsinga og skýringa hjá félaginu. Þá leitar á hverju ári nokkur fjöldi félagsmanna aðstoðar félagsins vegna starfsloka auk annarra réttinda- og/eða kjaramála.

Starfið fram undan

Þar sem matskerfi opinberra háskóla er í endurskoðun er nokkuð víst að það mál verður ofarlega á dagskrá stjórnar félagsins á næsta starfsári. Þá hafa orðið miklar breytingar í háskólastarfseminni undanfarna mánuði. Því er nauðsynlegt að sameiginleg umræða um stefnu og málefni Háskólans fari fram. Kjarasamningur félagsins rennur út 31. mars 2023. Því þarf þegar í haust að fara að huga að undirbúningi komandi kjarasamningsviðræðna.

Reykjavík, 19. maí 2021

Fyrir hönd stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla,

Rúnar Vilhjálmsson
formaður